

Þinggerð
51. ársþings Glímusambands Íslands
Reykjavík 14. febrúar 2015

51. ársþing Glímusambands Íslands

haldið í Reykjavík 14. febrúar 2014

Dagskrá:

1. Þingsetning.
2. Kosin Kjörbréfanefnd.
3. Kjörnar aðrar nefndir:
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laganefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver.
5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
7. Ávörp gesta.
8. Umræður um skýrslu og reikninga.
9. Reikningar bornir upp til samþykktar.
10. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
11. Lagðar fram lagabreytingar sem fram hafa komið.
12. Teknar til umræðu tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar og einnig mál er þingfulltrúar vilja koma á framfæri.

- Þinghlé -
13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
14. Ákveðið gjald ævifélaga.
15. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, varaskoðunarmanna og fulltrúa á íþróttþing.
16. Kosnir þrír menn í aganefnd og þrír til vara.
17. Önnur mál.
18. Þingslit.

1. Þingsetning

Þingið var haldið í sal ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Á þingið mættu 15 fulltrúar, einn stjórnarmaður og einn gestur, samtals 17 manns.

Ólafur Oddur Sigurðsson, formaður Glímusambands Íslands, setti þingið kl. 17:15 og bauð þingfulltrúa og gest velkomna. Hann minntist látinna féлага, þeirra Hermanns Níelssonar frá Ísafirði sem var jarðsettur í dag og Sigtryggs Sigurðssonar fyrrverandi formanns GLÍ sem lést í desember síðastliðnum. Þingfulltrúar risu á fætur og höfðu stutta þagnarstund í minningu þeirra.

Ólafur tilnefndi Kjartan Lárusson sem þingforseta og Jón M. Ívarsson sem þingritara. Hann taldi varamenn þeirra óþarfa enda væru þeir fullfærir til þessara verka. Þetta var samþykkt einróma og því næst gengið til dagskrár.

2. Kosin kjörbréfanefnd

Kjartan Lárusson þakkaði traust það er honum var sýnt með því að kjósa hann varamannslaust og lagði til að eftirtaldir skipuðu Kjörbréfanefnd: Óttar Ottósson, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Guðmundur Stefán Gunnarsson. Það var samþykkt. Kjöri annarra þingnefnda var frestað sökum þess að ekki var ennþá vitað hverjir væru þingfulltrúar.

3. Skýrsla stjórnar

Ólafur Oddur Sigurðsson flutti skýrslu stjórnar sem lá fyrir prentuð á þinginu. Hann las upp ávarp formanns á bls. 6 og fór yfir ýmsa liði skýrslunnar. Hann sagði að eitt af því sem stæði upp úr væri góður árangur glímufólks erlendis. Ólafur sigraði sjálfur í backhold á Grasmere sem er stærsta fangbragðamót heimsins í þeirri íþrótt. Marín Laufey Davíðsdóttir varð Evrópumeistari í backhold og gouren og við eignuðumst einnig ýmsa landsmeistara kvenna. Hann vakti athygli á litmyndum á baksíðum og að iðkendum og keppendum glímunnar hefði fjölgað frá fyrra ári.

Hann taldi athyglisvert að einn elsti keppandinn, Ásgeir Víglundsson, væri í 6. sæti á styrkleikalistanum. Það væri vegna þess að hann hefði verið duglegur að taka þátt í keppnum, nokkuð sem aðrir glímumenn hefðu fremur klikkað á. Skýrsla utanríkisnefndar var viðamesta skýrslan enda þar mikið starf og margar utanferðir fjölda fólks.

4. Gjaldkeri leggur fram reikninga

Sindri Freyr Jónsson, gjaldkeri flutti reikninga GLÍ. Hann las upp áritun Arndísar Arnórsdóttur skoðunarmanns sem ekki vildi taka ábyrgð á reikningunum vegna lítills umfangs þeirra. Þingkjörnir skoðunarmenn létu það ekki setja sig út af laginu. Hagnaður ársins var tæpar tvær milljónir króna og eignir þess nema næstum níu milljónum.

5. Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson stjórnarmaður ÍSÍ var gestur þingsins. Hann flutti kveðjur og þakkir forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra. Hann kvað ánægjulegt að sjá að reksturinn væri réttu megin við strikið því það væri ekki alls staðar svo. Hér væri svo sannarlega allt í réttu formi.

Hafsteinn hefur starfað á almenningsviði ÍSÍ að undanförunu og í ár fékk ÍSÍ norrænu lýðheilsuverðlaunin fyrir starf sitt við almenningsíþróttir. Hann sagði stöðugt vegið að fjármagnsuppsprettum okkar, Getraunum og Getspá. Margir vilja komast í þessa tekjustofna. Við þurfum að standa saman og verja þá, sagði Hafsteinn. Hann minnti á Smáþjóðaleika sem verða í sumar og þar væri mikil þörf fyrir sjálfbóðaliða. Vonaðist eftir góðu glímuári og góðu samstarfi við GLÍ. **Kjartan Lárusson** þingforseti, þakkaði Hafsteini góð orð.

6. Kjörbréfanefnd skilar álit

Óttar Ottósson formaður Kjörbréfanefndar lagði fram álit hennar. Fjögur kjörbréf með 15 aðal- og varafulltrúum höfðu borist nefndinni og las hann þau upp og kynnti fulltrúa.

ÍBR: Aðalmenn:

1. Hörður Gunnarsson
2. Sigurjón Leifsson
3. Ásgeir Víglundsson
4. Óttar Ottósson

Varamenn:

1. Þorvaldur Þorsteinsson
2. Rögnvaldur Ólafsson
3. Helgi Bjarnason
4. Sindri Freyr Jónsson

UMFN:

1. Guðmundur Stefán Gunnarsson
2. Gunnar Örn Guðmundsson

ÍBA:

1. Jón Einar Haraldsson – Lambi

HSK:

1. Jón M. Ívarsson
2. Kjartan Lárusson
3. Sigmundur Stefánsson
4. Ólafur Oddur Sigurðsson

Einnig sat þingið Eva Dögg Jóhannsdóttir, ritari Glímusambandsins.

Kjartan Lárusson lét þess getið að kjörbréf HSK væri ekki undirritað af stjórn HSK eða glímuráðs HSK og því bar hann fyrst upp hin kjörbréfin þrjú til samþykktar. Þegar þau höfðu verið samþykkt bar hann það undir fulltrúa þeirra hvort þeir samþykktu fulltrúa HSK. Það var gert einróma og voru ofantaldir því allir löglegir fulltrúar þingsins.

7. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Hörður Gunnarsson þakkaði greinargóða skýrslu og taldi „vart að sækja betri lesningu á önnur mið.“ Ræddi reikninga og taldi 20% hagnað góða stöðu í rekstrinum. Hann var einnig ánægður með innistæður í banka og varaði við að slakað væri á öryggiskröfum hvað vörslu þeirra snerti en taldi að reyna mætti að fá hærri vexti af upphæðinni þar sem staðan væri góð. „Hvert hár gerir skugga,“ sagði Hörður og aftók að hann væri með þessum orðum að deila á formanninn sem hefur rakað af sér hárpýðina. Hann gerði fyrirspurn um erlend samskipti og aðild að erlendum fangbragðasamtökum.

Ólafur Oddur sagði að þetta hefði verið skemmtileg og góð ræða hjá Herði og svaraði fyrirspurnum. Þegar væri búið að færa væna upphæð á annan reikning í bankanum sem gæfi hærri vexti. Erlend samskipti hafa verið færð inn í glímukynningar því alltaf erum við að kynna glímuna í utanlandsferðum okkar, sagði Ólafur og upplýsti að GLÍ væri aðili að Keltneska fangbragðasambandinu en ekki öðrum erlendum fangsamböndum.

Varðandi þá fjármuni sem hafa safnast upp hjá Glímusambandinu sagði hann það hafa verið stefnu sambandsins að láta félögin sem mest sjá um kynningarnar sjálf því það gæfi mesta tengingu og besta framhaldið. Ekkert félag hefði sinnt þessu nema Hörður á Ísafirði og því hefði minna verið eytt í kynningar en ætlað var. En féð er til og bíður eftir félögum sagði Ólafur Oddur.

Sigmundur Stefánsson þakkaði gott starf Glímusambandsins en sagðist sjá nokkur hættumerki í glímunni. Sérstaklega því hvað keppendur væru orðnir fáir á ýmsum stórmótum. Svo væri glíman lítið í fjölmiðlum. Nauðsynlegt væri að hressa upp á heimasíðu GLÍ. Þar væri allt morandi í úreltum upplýsingum og fjölbreytni vantaði. Svo spurði hann hvað hefði orðið um sveitaglímuna. Hún væri allt í einu horfin og það væri sjónarsviptir að henni.

Jón M. Ívarsson þakkaði traust í sinn garð og tók undir orð Sigmundar um heimasíðuna. Hann sagðist hafa nefnt það við formann GLÍ, þá um morguninn, að það mætti nú heita lágmark að á heimasíðunni væru upplýsingar um stað og tíma glímupingsins. Það hefði ekki komið inn fyrr en eftir samtal þeirra. Hann sagði Ólaf Odd formann vinna margra manna verk en þyrfti nauðsynlega að fá sér aðstoð við þetta. „Lífleg heimasíða er gulls ígildi“ sagði Jón.

Eva Dögg Jóhannsdóttir benti Sigmundi á að þótt keppendur í karlaflokki á Fjórðungsglímu Austurlands hefðu aðeins verið þrír hefðu sex konur keppt í kvennaflokki og það væri ekki svo lítið.

Ásgeir Víglundsson tók undir orð Evu Daggar. Hann spurði um skammtímaskuldir GLÍ upp á 344 þúsund og hvernig þær væru til komnar.

Guðmundur Stefán Gunnarsson ræddi fjölmiðla og sagðist sjálfur skrifa um glímu í bæjarblöðin í Reykjanesbæ og það hefði góð áhrif. Hann þakkaði stuðning GLÍ við starfsemi Umf. Njarðvíkur þar syðra. Hann mælti með því að þegar mót fyrir unglinga væru haldin á laugardögum væri upplagt að hafa æfingabúðir á eftir. Gista um nóttina og fara heim daginn eftir.

Sindri Freyr svaraði fyrirspurn Ásgeirs. Þessar skammtímaskuldir stöfuðu af því að búið væri að borga flugför til Frakklands sem ekki yrðu notuð fyrr en síðar í vetur.

Kjartan Lárusson sagði tíma glímunnar í sjónvarpi hafa dregist mikið saman síðustu áratugi. Nú sjáum við aðeins hálf tíma af glímunni á ári á móti tveim tímum áður fyrr, sagði hann.

Ólafur Oddur var sammála orðum Sigmundar um heimasíðuna. Hann sagðist hafa hug á að fá glímumann sem nýbúinn væri að læra forritun til að sjá um heimasíðuna. Hvað sjónvarpsefni varðar þá er íþróttæfni yfirleitt kostað af stuðningsaðilum og þá eigum við fáa, en afar dýrt er að koma sjónvarpsefni að ef það er ókostað. Hann taldi mikið af glímufréttum birtast í héraðsblöðum og það væri að virka vel. Svo væri keppni erlendis að lyfta glímufólki hærra. Til dæmis hefði það efalaust hjálpað Evu Dögg að vera kosinn íþróttamaður síns heimahéraðs að hún fór til útlanda í keppni og stóð sig vel þar. Þar með lauk umræðum um skýrslu og reikninga.

8. Kjörnar þingnefndir

Kjartan Lárusson las upp skipan þingnefnda sem var samþykkt umræðulaust.

Fjárhagsnefnd:

Sindri Freyr Jónsson, Ásgeir Víglundsson og Jón Einar Haraldsson.

Laganefnd:

Hörður Gunnarsson, Sigurjón Leifsson og Gunnar Guðmundsson.

Allsherjarnefnd:

Óttar Ottósson, Jón M. Ívarsson og Guðmundur Stefán Gunnarsson.

10. Fjárhagsáætlun lögð fram

Sindri Freyr Jónsson lagði fram fjárhagsáætlun GLÍ fyrir árið 2015. Hann gerði einnig tillögu um ævifélagagjald.

11. Lagðar fram lagabreytingar er fram hafa komið

Engar lagabreytingar höfðu borist til þingsins. Ekki heldur tillögur eða önnur mál. Þá var gefið þinghlé í 15 mínútur.

- Þinghlé -

12. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla

Ásgeir Víglundsson lagði fram álit fjárhagsnefndar. Fyrst var fjárhagsáætlun. Nefndin gerði ekki tillögur til breytinga en kom með þá ábendingu að hætta innheimtu þáttökugjalda. Þetta væri lítil upphæð og munaði engu í rekstri sambandsins.

Hörður Gunnarsson var sammála þessu. Hann lagði til að lækka tekjur af glímumótum (þ.e. þáttökugjöld) um 200 þúsund og lækka ýmsan kostnað til jafns við það.

Ólafur Oddur tók í sama streng. Hann lagði til að gjöld glímumóta yrðu hækkuð um 200 þúsund og ýmis kostnaður lækkaður til jafns við það.

Sigurjón Leifsson sagðist minnst þess að þáttökugjöld hefðu verið sett á þegar þáttökutilkynningar hefðu verið komnar út í tóma vitleysu. Félögin hefðu skráð og skráð en varla helmingurinn mætt á mótin. Vildi sjá meiri útgjöld til glímunnar og lagði til að sótt yrði í þjóðmenningarsjóði forsætisráðherra um styrki.

Hörður Gunnarsson tók undir orð Sigurjóns.

Kjartan Lárusson upplýsti að um 1990 hefði verið komið á sektargjöldum til að hamla ofskráningu í glímumót.

Ólafur Oddur kom enn með breytingartillögu við fjárhagsáætlun. Hann vildi hækka tekjur af Lottó um 200 þúsund en lækka tekjur af glímumótum um samsvarandi upphæð. Svo vildi hann leggja eins og 200 þúsund krónur í 50 ára afmæli GLÍ sem er á næsta leiti.

Jón M. Ívarsson staðfesti að sektargjöld hefðu komið til vegna þess hvað mörg félög skráðu keppendur sem aldrei mættu. Svo fannst honum að 50 ára stórafmæli GLÍ 11. apríl næstkomandi væri að minnsta kosti einnar messu virði. Afmælisdaginn ber upp á Íslandsglímu sem verður á Reyðarfirði en afmælið stendur allt árið og einhverju má eyða í það, sagði Jón.

Hörður Gunnarsson tók undir orð Jóns og taldi 200 þúsund ekki mikið í afmælið lagt. Lagði til 300 þúsund. „Þetta er einstæður atburður að því leyti að Glímusamband Íslands verður aldrei aftur 50 ára,“ sagði Hörður með áherslu. Var svo fjárhagsáætlun samþykkt einróma með áorðnum breytingum.

Tillaga að fjárhagsáætlun 1/1 til 31/12 2015**Þingskjal 1**

	Gjöld	Tekjur
Fjárveiting til glímukynninga		3.500.000-
Tekjur af Lottó		1.400.000-
Sérsambandastyrkur		1.600.000-
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ		1.200.000-
Tekjur af glímumótum		200.000-
Styrkir		300.000-
Aðrar tekjur		100.000-
Halli ársins		200.000-
Glímukynningar	4.000.000-	
Glímumót	900.000-	
Úrvalshópur	400.000-	
Erlend samskipti	700.000-	
Skrifstofukostnaður	700.000-	
Húsaleiga	400.000-	
Ársskýrsla og þinghald	200.000-	
Kaup á beltum og skóm	600.000-	
Afmæli GLÍ	300.000-	
Ýmis kostnaður	300.000-	
Alls kr.	8.500.000-	8.300.000-

Gjöld ævifélaga**Þingskjal 2**

Stjórn Glímusambands Íslands leggur til að gjöld ævifélaga árið 2015 verði kr. 10.000-

Þetta var samþykkt einróma.

Álit Laganefndar:

Hörður Gunnarsson skýrði frá því að nefndin hefði komið saman. Miðað við hinn stutta tíma sem henni var ætlaður til starfa, 15 mínútur, voru nefndarmenn sammála um að gera ekkert.

Álit Allsherjarnefndar:

Óttar Ottósson upplýsti að nefndarmenn hefðu verið sammála um að koma ekki fram með nein mál að eigin frumkvæði.

13. Kosningar

Kjartan Lárusson þingforseti, las upp tillögur að næstu stjórn og nefndarmönnum. Mótframboð komu ekki fram og voru allir sjálfkjörnir og fagnað með lófaklappi.

- a) Formaður GLÍ: Ólafur Oddur Sigurðsson
- b) Aðrir stjórnarmenn: Ingibergur Jón Sigurðsson, Sindri Freyr Jónsson, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Magnús Karl Ásmundsson.
- c) Varastjórn: Snær Seljan Þóroddsson, Atli Már Sigmarsson og Guðmundur Stefán Gunnarsson.

- d) Skoðunarmenn: Kjartan Lárusson og Sigurjón Leifsson.
Varamenn: Garðar Erlendsson og Sýlvía Sigurðardóttir.
- e) Aganefnd: Jóhannes Sveinbjörnsson formaður, Sigmundur
Stefánsson og Kristján Yngvason.
Varamenn: Þóroddur Helgason, Jón Birgir Valsson og
Árni Unnsteinsson.
- f) Fulltrúar á íþróttahing: Vísað til stjórnar.

14. Önnur mál

Engin eiginleg önnur mál komu fram en geta má þess að eftir þingslit stóð **Jón M. Ívarsson** upp og minntist þess að íslenskir keppnismenn hefðu áður sótt stíft eftir sigri í þyngsta flokki í backhold á Grasmere, stærsta árlega fangbragðamóti bacholdmanna. Þar hefðu til dæmis garpar á borð við Jóhannes Sveinbjörnsson og Ingiberg Sigurðsson komist í úrslit en engum hefði þó tekist að sigra fyrr en Ólafi Oddi Sigurðssyni nú í sumar. Bað hann menn að klappa Ólafi lof í lófa fyrir þetta afrek sem þeir gerðu svikalaust.

15. Þingslit

Kjartan Lárusson þingforseti þakkaði öllum á þinginu fyrir sín störf og gaf formanni orðið.

Ólafur Oddur Sigurðsson, nýkjörinn formaður GLÍ, þakkaði traustið. Hann sagði sig ekki hafa órað fyrir því þegar hann var kjörinn í stjórn fyrir áratug að hann myndi koma að því að leiða Glímusambandið. Hann sagði þetta hafa verið lærdómsríkan og skemmtilegan tíma. Stundum hafa menn tekist á og það er eðlilegt að ekki séu allir sammála.

Hann sagði að á síðasta fundi sínum hefði stjórn GLÍ ákveðið að gera Svein Guðmundsson, fyrrum glímukóng, að heiðursfélaga sambandsins. Hann hefði vonast eftir Sveini á staðinn en hann hefði ekki komist. Yrði honum afhent viðurkenningin bráðlega.

Ólafur sagði spennandi tíma framundan og afmæli GLÍ yrði að gera verðug skil. Hann sagði eftirtektarvert hvað íslenskir glímumenn hafa staðið sig vel á erlendum mótum. Hann þakkaði svo fyrir gott þing, óskaði fólki góðrar heimferðar og sagði þingi slitið kl. 20.00.

Jón M. Ívarsson
þingritari